


## Staða húsnæðisuppbyggingar í Langanesbyggð

HMS hefur lokið við árlega samantekt um niðurstöður húsnæðisáætlana sveitarfélaga árið 2025. Í samantektinni er áætluð íbúðapörf hvers sveitarfélags borin saman við áætlaða lóðaúthlutun, íbúðauppbyggingu og fólksfjölgun.

Samkvæmt samantektinni metur HMS að íbúðauppbygging í Langanesbyggð hafi verið meiri en ný íbúðapörf sem myndaðist árið 2025. Ef lítið er til áranna 2023-2025 hafa 6 íbúðir verið byggðar í sveitarfélaginu á meðan íbúðapörf hefur dregist saman vegna fólksfækkunar. HMS metur því að byggt hafi verið umfram nýja íbúðapörf á árunum 2023-2025. Sjá má uppbyggingu í takt við mat HMS á íbúðapörf á mynd hér að neðan.

### Fjölgun íbúða samanborið við íbúðapörf



### Úthlutun lóða

Í húsnæðisáætlun Langanesbyggðar voru tilgreindar byggingarhæfar lóðir fyrir 4 íbúðir árið 2026. Langanesbyggð gerir hins vegar ráð fyrir að ný íbúðapörf á hverju ári muni nema 3 til 9 íbúðum á tímabilinu 2026-2035 í miðspá sinni. Því hefur sveitarfélagið ekki útvegað nægilega margar byggingarhæfar lóðir til þess að mæta íbúðapörf samkvæmt eigin mati.

HMS hvetur Langanesbyggð til að endurskoða áætlanir sínar um úthlutanir byggingarhæfra lóða svo að íbúðauppbygging geti verið í takt við þörf á næstu árum.

## **HMS mun funda með sveitarstjórnnum um húsnæðis- og skipulagsmál í ár**

Skipulagsmál voru flutt til HMS í mars síðastliðnum sem ber nú heitið Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun. Markmið stjórnvalda með sameiningunni er að efla getu hins opinbera í skipulags- og húsnæðismálum, en allur ferill húsnæðisuppbyggingar og manngerðs umhverfis er nú á höndum einnar stofnunar.

Markmið sameinaðrar stofnunar HMS er að geta betur stutt við sveitarfélög þannig að þau geti skipulagt íbúðabyggð og annað manngert umhverfi í takt við landskipulags- og húsnæðisstefnu stjórnvalda.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum standa nýkjörnar sveitastjórnir frammi fyrir mörgum verkefnum og snýr hluti þeirra að húsnæðis- og skipulagsmálum. HMS er reiðubúið til að aðstoða sveitarfélögin eftir fremsta megni á þeim málefnasviðum sem stofnunin kemur að og vill vekja athygli á að eftir kosningar er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir meti stöðu gildandi aðalskipulags og svæðisskipulags.

Í 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kemur fram að sveitarstjórn meti að loknum sveitarstjórnarkosningum hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun aðalskipulagsins.

Í 26. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kemur fram að eftir sveitarstjórnarkosningum skuli svæðisskipulagsnefnd koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins. Skal ákvörðun svæðisskipulagsnefndar að jafnaði liggja fyrir innan tólf mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og skal niðurstaðan tilkynnt HMS jafnskjótt og hún liggur fyrir.

Í kjölfar komandi sveitarstjórnarkosninga hyggst HMS halda fundi með nýjum sveitarstjórnnum um land allt til þess að ræða áskoranir í húsnæðis- og skipulagsmálum í þessu samhengi.

HMS mun einnig senda áskoranir á nýjar sveitarstjórnir í ljósi íbúafjölgunar síðustu ára og með hliðsjón af núgildandi landskipulagsstefnu og húsnæðisstefnu.